

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kirkjuhvamms á Hvammstanga – opið svæði til sérstakra nota, Húnaþingi vestra.

Samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga hefur byggðarráð Húnaþings vestra, á fundi sínum þann 9. júlí 2007, samþykkt deiliskipulag fyrir Kirkjuhvamm í Húnaþingi vestra.

Deiliskipulagssvæðið er samtals 64 ha. Svæðið er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Með auglýsingu þessari fellur úr gildi deiliskipulag útivistarsvæðis í Kirkjuhvammi sem samþykkt var 5. júlí 1994, ásamt breytingu sem samþykkt var 14. apríl 2004.

Hvammstanga, 17. janúar 2008.

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2008